

Umhverfisstofnun
b.t. Agnars Braga Bragasonar og
Svövu Pétursdóttur
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík


Reykjavík, 07.06.2017

Efni: Aurburður í Andakílsá, Borgarbyggð og Skorradalshreppi

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 2. júní 2017 þar sem stofnunin fer fram á að Orka náttúrunnar (ON) sendi nánari upplýsingar um ofngreint atvik, ástæður þess, framkvæmd, umfang, mögulegt og orðið tjón ásamt öðrum þáttum sem máli skipta við ákvörðun um hvort um sé að ræða umhverfisstjórn samkvæmt lögum nr. 55/2010 um umhverfisábyrgð.

Orka náttúrunnar telur, með vísan til þess að rekstur Andakílsárvirkjunar er starfsleyfisskyld starfsemi skv. 6. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 1. tl. II. viðauka, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 55/2012, að fyrirtækið hefði átt að tilkynna um atvik það sem ljóst varð þann 17. maí sl. Það fórst fyrir og er beðist velvirðingar á því. Hins vegar er rétt að geta þess að formaður Veiðifélags Andakílsár tilkynnti Umhverfisstofnun um atburðinn þegar í stað.

Andakílsárvirkjun var gangsett í október 1947 og er því 70 ára gömul. Hún virkjar fall Andakílsár úr Skorradalsvatni. Afrennsli Skorradalsvatns til vesturs var stíflað og er vatnið því eins konar miðlunarlón fyrir virkjunina en rennsli úr vatninu og vatnshæð þess má stýra með lokum í stíflunni. Inntakslón er ofan við virkjunina og er vatninu veitt úr lóninu um lokur gegnum fallpípu til stöðvarhússins (mynd 1). Á inntakslóninu er jafnframt yfirfall, sem vatn fer um þegar lónið fyllist.




Mynd 1: Afstöðumynd: Inntakslón, stöðvarhús Andakílsárvirkjunar og Andakílsá

Virkjunin var reist af sveitarfélögum á Vesturlandi á sínum tíma en hún tilheyrir nú ON. Upphaflega var virkjunin 3,7 MW að afli en hún var stækkuð í 8 MW árið 1974.

Andakílsá er ein af þverám Hvítár í Borgarfirði og á upptök sín í Skorradalsvatni og fellur að sunnanverðu í Hvítárós, skammt ofan Borgarfjarðarbrúar. Áin er fiskgeng um 8 km að Andakílsárfossum, skammt ofan við stöðvarhús Andakílsárvirkjunar. Lax og bleikja veiðast í ánni og hefur ánni verið skipt í tvö veiðisvæði. Laxasvæði er á efri hluta árinna frá brú að Andakílsárfossum, en neðan þess er silungasvæði. Lax er ríkjandi tegund í ánni og frá 1974 til 2015 hafa veiðst 196 laxar (sjá mynd 2, sbr. 2. mynd í fylgiskjali 1) að jafnaði á ári í ánni samkvæmt skráningum í veiðibækur. Bleikja er einnig algeng en mjög hefur þó dregið úr bleikjuveiðinni undanfarin ár.

Við neðri hluta Andakílsár er verndarsvæði blesgæsa. Svæðið er á votlendisskrá Ramsarsamningsins sem á að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum. Votlendið í Andakíl er eitt af mikilvægustu viðkomustöðum blesgæsa á Íslandi en votlendið er mjög fjölbreytt og þar er mikið fuglalíf. (<https://www.umhverfissraduneyti.is/frettir/nr/2373>).



Mynd 2. Árleg laxveiði og meðalveiði í Andakílsá frá 1974 til 2015.

Fiskgengi hluti Andakílsár er mjög stuttur og er laxasvæði árinna frá brú að Andakílsárfossum um 5 km að lengd. Búsvæði árinna hafa ekki verið kortlögð en vitað er að ca. á efstu 2 km árinna er bestu hrygningar- og uppeldissvæðin að finna. Lax nýtir einnig hliðarlæki til hrygningar og uppeldis, m.a. Hrafnagilslæk, Bæjarlæk og Miðfossalæk. Lækirnir eru einu svæðin sem nú eru óröskuð eftir aurflóðið (Fylgiskjal 1).

Ástæður

Inntakslón Andakílsárvirkjunar er myndað með því að byggja stíflu yfir farveg Andakílsár en hlutverk lónsins er að jafna sveiflur í rennsli gegnum stöðina, halda stöðugri vatnshæð yfir inntakinu í fallpípuna og að tryggja að innrennslið sé jafnan íslaust. Með tímanum fyllist inntakslónið af seti og hættir það þá að gegna hlutverki sínu. Stíflan og lokumannvirki þurfa reglubundið eftirlit og viðhald bæði til þess að tryggja góðan rekstur virkjunarinnar og til að tryggja öryggi hennar, því mikið tjón getur orðið ef stíflan brestur.

Setfylling í inntakslóni Andakílsárvirkjunar er orðin veruleg og því var ætlunin að tæma lónið í sumar og moka seti úr lónbotninum og aka burt til þess að hindra að aur berist niður í vélar virkjunarinnar. Samtímis var ætlunin að kanna ástand stíflunnar, botnrásar hennar og vatnshæðarmælis vatnsmegin og sinna viðhaldi til að tryggja öryggi hennar. Mokstri úr lónstæðinu og viðhald á stíflu verður ekki unnið nema að sumarlagi. Í samráði við veiðifélag Andakílsár var hins vegar ákveðið að fresta því að moka úr lóninu til sumarsins 2018. Þannig yrði tryggt að undirbúningur yrði með sem allra bestum hætti og að ljúka mætti verkinu fyrir 20. júní, en þá hefst veiðitímabilið í ánni. Verkefninu sem sneri að uppmokstri úr inntakslóninu var þar með aflýst og verkefnisstjórnun á undirbúningi framkvæmdarinnar frestað til ársins 2018. Eftir stóð að lækka í lóninu til að kanna ástand stíflunnar, botnrásar hennar og vatnshæðarmælis.

Framkvæmd

Mánudaginn 15. maí sl. var opnað fyrir botnrásina á inntakslóni Andakílsárvirkjunar og smám saman tæmdist lónið. Gengið var til verksins með þeim hætti sem tíðkast hafði en vatni

hefur verið hleypt úr inntakslóninu áður. Áin hefur þá litast um tíma, líkt og hefðbundið er í leysingum. Vegna athugunar á stíflumannvirkjum, sem gerðar voru meðan lónið var tómt, var botnrásin hinsvegar opin lengur en áður. Þegar lónið var orðið tómt tók áin að grafa sig niður í setfyllinguna í lónstæðinu og hreif hún með sér stórar setfyllur á skömmum tíma sem bárust niður ána (mynd 3). Framburður sets varð mun meiri en starfsfólk ON hafði gert sér grein fyrir. Tæming lónsins var ekki vöktuð og það var Veiðifélag Andakílsár sem varð aurflóðsins vart og lét ON vita miðvikudagskvöldið 17. maí sl.

Á fimmtudeginum 18. maí fór ON þess á leit við veiðimálasérfræðinga Hafrannsóknastofnunar að rannsaka áhrif aurburðarins á lífríkið í ánni og veita ON ráð og leiðbeiningar um hvernig skynsamlegast væri að bregðast við, til að lágmarka skaðann á lífríki árinna eins og kostur væri. Féllst stofnunin á það og hafa sérfræðingar hennar verið að störfum þar síðan. Í samskiptum ON við sérfræðinga og fulltrúa veiðiréttarhafa þennan sama fimmtudag kviknaði sú hugmynd að úr því sem komið væri kynni að vera fýsilegt að ráðast þá þegar í að moka seti úr lónbotninum. Niðurstaðan varð að gera það ekki heldur loka botnrásinni og með því fylltist inntakslónið að nýju föstudaginn 19. maí.



Mynd 3 : Rof í botnseti í inntakslóni Andakílsárvirkjunar

Umfang

Í fyrstu var talið að um 4.000-5.000 m³ af efni hefði borist niður ána frá inntakslóni en eftir nánari greiningu m.a. á loftmyndum sem teknar voru þann 16. maí, er talið að magnið geti verið þrefalt til fimmfalt á við það sem upphaflega var talið (Fylgiskjal 2). Á nokkrum þversniðum yfir ána, sem mæld voru þann 22. maí sl. kom í ljós að botn Andakílsár var að miklu leyti undir seti sem víða var 30-60 cm að dýpt. Þar sem verulegur straumur er í ánni var botnsetið mun þynnra. Þótt ekki liggi enn fyrir niðurstöður má búast við að eingöngu

þar sem brot eru í ánni megi vænta þess að botnlíf hafi lifað þennan atburð af (Fylgiskjal 1).

Mögulegt og orðið tjón

Samkvæmt fyrstu niðurstöðum Hafrannsóknarstofnunar hefur aurburðurinn að öllum líkindum haft víðtæk áhrif á vistkerfi árinna (Fylgiskjal 1).

Andakílsá framleiðir gönguseiði mest á þremur árum. Allar líkur eru á því að yngsti árgangurinn (hrygningin haustið 2016) hafi að stærstum hluta misfarist. Væntanlega hafa gríðarleg afföll orðið á eldri árgöngum laxaseiða. Töluverð seiðaframleiðsla á sér stað í lækjunum sem falla til fiskgenga hlutans og skipta þau því miklu máli vegna endurreisnar stofnsins. Ekki er vitað um afdrif gönguseiða og engin leið til að meta það fyrr en á næsta ári þegar sá árgangur skilar sér í ána úr hafi (Fylgiskjal 1).

Vegna atburðarins er ljóst að lítið skjól er fyrir lax sem skilar sér úr hafi nú í sumar. Mjög fáir veiðistaðir standa undir megninu af veiðinni í Andakílsá sbr. stutta lengd fiskgenga hlutans. Andakílsá er enn mjög aurug þar sem mikið af seti er á hreyfingu í ánni og fyrirjäänlegt að svo verði áfram næstu vikur eða mánuði. Allar líkur benda til að aðstæður til veiða í Andakílsá verði mikið breyttar og áin mjög erfið til veiða í sumar. Ásýnd árinna breytist og ímynd hennar í huga veiðimanna sem nýta ána (Fylgiskjal 1).

Rannsóknnum Hafrannsóknarstofnunar á áhrifum á lífríkið verður haldið áfram og verða frekari niðurstöður sendar Umhverfisstofnun um leið og þær berast.

Áætlun um úrbætur

Föstudaginn 26. maí sl. var haldinn fundur með sérfræðingum Hafrannsóknarstofnunar og farið yfir greinargerð stofnunarinnar um atburðinn.

Mánudaginn 29. maí var haldinn fundur með sérfræðingum Hafrannsóknarstofnunar, Fiskistofu, fulltrúum veiðifélaga, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og fulltrúum frá sveitarfélögunum Skorradalshreppi og Borgarbyggð þar sem greinargerð Hafrannsóknarstofnunar var kynnt (Fylgiskjal 1). Á fundinum var stofnaður verkefnishópur sem samanstendur af sérfræðingum Hafrannsóknarstofnunar, straumfræðingi frá Háskóla Íslands, fulltrúum veiðifélaga, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, fulltrúum frá sveitarfélögunum Skorradalshreppi og Borgarbyggð, ásamt fulltrúum frá ON. Hlutverk verkefnishópsins er að meta hvort og hvernig ráðast skuli í aðgerðir til að takmarka áhrif aurburðarins á lífríki árinna.

Fimmtudaginn 1. júní tóku sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar fleiri þversnið í ánni og voru niðurstöðurnar ræddar á fundi verkefnishópsins, þann sama dag. Niðurstöðurnar bentu til þess að mikil hreyfing væri á efni í ánni og að hún væri að einhverju leyti að hreinsa sig sjálf. Talið var rétt að fylgjast áfram með þeirri þróun og sjá betur hvað væri að gerast í ánni, án inngrips.

Þriðjadaginn 6. júní var haldinn fundur með sérfræðingum Hafrannsóknarstofnunar, straumfræðingi frá Háskóla Íslands, fulltrúa Veiðifélags Andakílsár og Umhverfisstofnun. Sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar og straumfræðingur frá HÍ voru sammála um að áin virtist vera að hreinsa sig að þó nokkru leyti og að fínt efni og mól væri á fullri ferð í henni.

Á fundinum var ákveðið að hafa samband við sérfræðing Votlendisseturs um fugla og vistkerfi þeirra, til að skoða áhrif aurburðarins neðan við brú.

Í dag, miðvikudaginn 7. júní eru sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar að rannsaka stöðuna í ánni frá fossi við stöðvarhús og niður að sjó. Í kjölfarið mun verkefnishópurinn meta hvort og hvernig grípa skuli til aðgerða.

Fyrirtækið mun leggja sig í líma við að hreinsa ána og umhverfi hennar sem best og svo fljótt sem verða má. ON mun að sjálfsögðu fara eftir leiðbeiningum sérfræðinga og grípa til þeirra aðgerða sem lagðar verða til. ON lýsir fullri ábyrgð á atvikinu í heild sinni.

Virðingarfyllst,



Bjarni Már Júlíusson
Framkvæmdastjóri

Fylgiskjal 1: Greinargerð vegna rannsókna Hafrannsóknastofnunar á aurburði í Andakílsá frá 26.05.2017
Fylgiskjal 2: Útreikningar verkfræðistofunnar Eflu á magni aurs sem barst úr inntakslóni Andakílsárvirrkjunar frá 03.06.2017.